

LÖGFRÆÐI

Grunn- og framhaldsnám
hi.is/logfraedi



Kynntu þér spennandi nám við Lagadeild Háskóla Íslands

Lagadeild Háskóla Íslands hefur verið starfrækt frá stofnun skólans árið 1911. Í Lagadeild er spennandi og skemmtilegt umhverfi fyrir nemendur og kennara. Kennslan er fjölbreytt og nútímaleg og tekur mið af því besta sem gerist. Lögð er rík áhersla á gagnvirka kennsluhætti.

Að námi loknu

Lögfræðingar frá Lagadeild Háskóla Íslands eru eftirsóttir starfsmenn. Auk hefðbundinna starfa við dómstóla og á lögmannsstofum starfa lögfræðingar í stjórnáslunni, hjá fyrirtækjum, stofnunum, bönkum og fjármálafyrirtækjum, hagsmunasamtökum, lífeyrissjóðum o.fl.

Þá hafa lögfræðingar haslað sér völl sem stjórnendur fyrirtækja sem stunda innlend og alþjóðleg viðskipti og við margvísleg störf erlendis meðal annars hjá alþjóðastofnunum.

Skipulag námsins

Skipan BA-námsins miðast við þrjú ár eða 6 misseri og vegur 180 einingar (ECTS). Lágmarkseinkunn er 6.0 í öllum námskeiðum. Öll námskeið í BA-náminu eru skyldunámskeið og lýkur náminu með 6 eininga lokaritgerð.

Skilyrði er að standast námskeiðin Inngangur að lögfræði og Almenn lögfræði ásamt ágripi af réttarsögu til þess að geta skráð sig í 2. og 3. árs námskeið í BA-námi

Inntökuskilyrði

Að hafa lokið stúdentsprófi, lokaprófi frá frumgreinadeild Keilis (háskólabrú) eða sambærilegu prófi frá erlendum skóla.

Nánari upplýsingar má finna á:
hi.is/logfraedi



HÁSKÓLI ÍSLANDS
LAGAÐEILD

Spennandi og krefjandi framhaldsnám við Lagadeild Háskóla Íslands

Í náminu beita nemendur grunnþekkingu sinni í lögfræði á sjálfstæðan og gagnrýninn hátt. Lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð, undir umsjón færustu kennara sem undirbýr nemendur markvisst fyrir þau fjölmörgu störf sem þeim bjóðast að námi loknu.

Lögfræði, meistarapróf(Mag.Jur.)

Markmið meistaránáms í lögfræði er að nemendur öðlist fræðilega færni og þjálfun í lögfræði og að þeim gefist kostur á að dýpka og auka þekkingu sína á ákveðnum sviðum lögfræðinnar, sem gerir þá hæfa til þess að gegna ábyrgðarstörfum í þjóðfélaginu, s.s. lykilstörfum í íslenska réttarkerfinu og vísindastörfum innan háskólasamfélagsins.

Jafnframt er það markmið að nemendur öðlist fræðilegt sjálfstæði og geti á óvilhallan hátt sett fram sjálfstæðar lögfræðilegar niðurstöður á grundvelli viðurkenndra aðferða lögfræðinnar.

Nánari upplýsingar má finna á:
hi.is/lagadeild



Skattaréttur og reikningskil

Námið í skattarétti og reikningskilum er þverfaglegt og skipulagt sameiginlega af Viðskiptafræðideild og Lagadeild og miðar að því að veita fræðilega sérmenntun á sviðum er snerta skattamál og reikningskil. Hægt er að velja um 90 og 120 eininga nám.

LL.M Auðlindaréttur og alþjóðlegur umhverfisréttur

Við Lagadeild Háskóla Íslands er boðið upp á nám fyrir lögfræðinga sem vilja sérhæfa sig í lagareglum sem gilda um auðlindir og umhverfi með áherslu á íslensk, evrópsk og alþjóðleg sjónarmið.

Námið fer eingöngu fram á ensku.

Námið er 90 ECTS einingar, þar af 30-60 eininga lokaritgerð. Hægt er að ljúka náminu á einu ári með því að skrifa ritgerðina um sumar en það er ekki skilyrði. Nemendum stendur til boða að ljúka náminu á lengri tíma en einu ári, sem gerir námið að spennandi kosti fyrir fólk sem hefur áhuga á náminu samhliða vinnu.



HÁSKÓLI ÍSLANDS
LAGAÐEILD